

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Vaðness, 3. áfanga.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa frístundahús og aukahús á hverri lóð með hámarksnýtingarhlutfall allt að 0,03, þar af má aukahús vera allt að 40 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 5. maí 2010.
2. *Breyting á deiliskipulagi íbúðarbyggðarinnar Ásborga í landi Ásgarðs, lóðir 30, 30a og 32.*
Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri lóð, Ásborgum 30a, sem verður 1.290 m² að stærð. Vegna breytingarinnar minnkar lóð nr. 30 úr 5.885 m² í 4.800 m² og lóð nr. 32 minnkar úr 4.387 m² í 4.182 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 5. maí 2010.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs, Ásabraut 42 og 44.*
Í breytingunni felst að norðurendi marka lóðanna nr. 42 og 44 er færður til austurs. Við breytinguna minnkar lóð nr. 42 úr 8.861 m² í 8.101 m² en lóð nr. 44 stækkar úr 8.750 m² í 9.509 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 7. júlí 2010.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar Kerhrauns í landi Klausturhóla.*
Í breytingunni felst að hámarksnýtingarhlutfall lóða verður 0,03, þar af má aukahús vera allt að 40 m². Hámarksmanishæð frá jörðu verður 7,4 m og þakhalli skal vera á bilinu 0-45 gráður.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. maí 2010.
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Þórufells í landi Syðri-Brúar.*
Í breytingunni felst að aðkomu að lóðum nr. 2 og 4 er breytt.
Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. ágúst 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.